

Byggingalýsing

Almennt.

Götuheiti : Ármótsflöt 5 Litlu Ármót
Landnúmer : 224613
Staðgreinir : 8722-2-00054000

Lýsing.

Ibúðarhúsið er nýbygging sem er staðsett við Ármótsflöt nr 5 úr landi Litlu Ármóta í sveitarfélaginu Flóahreppi. Brúttóstærð er 260m² Lóð er 14470 m²

Sökkull og Plata.

Sökkulveggir og gólfplata eru staðsteypt. 75mm plasteinangrun kemur inná sökkla en 100mm plasteinangrun undir plötu.

Útveggir.

Burðarvirki útveggja er 45*145mm timburgrind í einingum, klæddar 9mm gufuopnum furukrossvið til stýfingar. Utan á timburgrind kemur loftræst, timburklæðning í dökkum lit. Loftræst bil skal vera að lágmarki 22mm til að tryggja næga loftun og minnka rakasöfnun. Setja skal músanet að neðan allan úthringinn. Einangrun útveggja er 150mm þéttull. Að innan kemur rakavarnarlag (polplast) tryggja skal að öll samskeyti rakasperu séu þétt. Lagnagrind er fura/greni 35*45mm C/C 400-600, og loks klæðning í flokki 2 í íbúð en klæðning í bílgeymslu skal vera í flokki 1.

Þakvirki / Milligólf

Burðarvirki þaks er uppteikið þak yfir íbúð og bílgeymslu. Þakið er byggt upp með límtrésbitum og timburstöðum 45*245mm sem sperrur. Uppbygging sperruþaks er hefðbundin (sjá verkfræðiteikningar) Þak er einangrað með 220mm steinullareinangrun með vindvörn, tryggja skal amk 25mm loftræst bil fyrir ofan einangrun fyrir loftun þaks. Að ofan eru sperrur klæddar með 25*150mm timburborðaklæðningu ásamt þakpappa og loks bárujárni. Neðan á sperrur kemur polplast sem rakavarnarlag, síðan lagnagrind 35*55mm C/C 400-600mm og loks klæðning í flokki 2 í íbúð en klæðning í flokki 1 í bílgeymslu. Í hvert sperrubíl skal setja 4 stykki 40mm loftunnarör ásamt að hafa 2cm rífu í mæni á borðaklæðningu til að tryggja lágmarks öndun á þaki samkvæmt byggingareglugerð.

Milligólf er byggt upp með timburstöðum samkvæmt verkfræðiteikningum með 150mm steinullareinangrun. Ofan á gólfbita kemur 22mm harðpressuð Rakaheld spónaplata, 3mm hlöðdempanði filt og loks gólfefni. Neðan á gólfbita kemur 13mm gipsplata, 35*45mm lagnagrind og loks klæðning í flokki 2.

Frágangur innanhúss.

Burðarveggir innanhúss eru timburveggir samkvæmt teikningum frá verkfræðing. Líttir innveggir eru hefðbundnir gipsveggir, leiðara og stoðir úr blíkki klæddir með 13mm gipsplötum, eða hefðbundnir timburveggir 45*95mm timburstoðir klæddar með spónaplötum. Veggir í votrymum og geymslum skulu vera klæddir með rakaheldum plötum (eða hlaðni). Breidd hurðablaða allra inngangsdýra/útidýra skal minnst vera 0,9m og hæð minnst 2,1m, enda sé þess gætt að hindrunarlaust sé ekki minni en 0,83m á breidd. Hindrunarlaust allra innihurða skal ekki vera minni en 0,8m á breidd og 2m á hæð. Gangar innan íbúðar eru samk.líð 4a gr 6.4.4 í byggingareglugerð. Setja skal bréfalúgu 25*260mm að lágmarki í aðalhurð samk Gr 6.13.1 byggingareglugerð. Innréttingar eru hefðbundnar í ljósum lit. Klæðningar í bílgeymslu skulu vera í flokki 1. veggur milli íbúðar og bílgeymslu skal standast EI-60. Loftræsting íbúðar og bílgeymslu er náttúruleg út og inn um gluggafög og hurðar en vélræn í gluggalausum rýmum. Loftræsting er samk gr 10.2.5. í byggingareglugerð

Gluggar og Hurðar.

Gluggar eru timbur eða álgluggar. Hurðar eru úr harðvið eða áli. Opnanleg fög eru úr furu/harðvið eða áli. Björgunarop eru í svefnherbergjum.

Burðarvirki og festingar

Allt burðarvirki og allar festingar skal vera samkvæmt teikningum frá verkfræðing

Björgunarop.

Í öllum svefnherbergjum er björgunarop sem uppfylla kröfur byggingareglugerðar. Björgunarop á annari hæð eru samk gr 9.5.5 í byggingareglugerð.

Varmatap.

Húsið uppfyllir kröfur um varmaeinangrun húsa sem settar eru í byggingareglugerð og ÍST 66.

Lagnir.

Neysluvatnslagnir eru í gólfplötu eða útveggjum með idráttarörum. Hitalagnir er gólfgeisli, lagður í steypa gólfplötu, sjá lagnateikningar. Frárennslislagnir fyrir húsið tengist við Rotþrú á lóð og skal vera samk leiðbeiningum umhverfisstofnun. Frárennslislagnir regnvatns af þökum tengjast í grjópukk á lóð. Hitastíg vatns við töppunarstað á böðum skal ekki vera það hátt að það skapi hættu á húðbruna. Einnig skal með öryggisbúnaði neysluvatnskerfa td varmaskipta eða uppblöndunarloka koma í veg fyrir að hiti fari upp fyrir 65°C. Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum.

Brunavarnir.

Byggingin er í notkunarflokki 3 Burðarveggur milli íbúðar og bílgeymslu skal standast EI60 að lágmarki. Milligólf skal standast REI60 að lágmarki samkvæmt byggingareglugerð. Innihurð bílgeymslu skal standast EI-CS30 að lágmarki samkvæmt byggingareglugerð. Klæðningar í bílgeymslu skulu vera í flokki 1 og standast EI 60 með öðrum byggingahlutum. Björgunarop eru í svefnherbergjum. Björgunarop á annari hæð eru samk gr 9.5.5 í byggingareglugerð

Lóð.

Þess skal gætt að gönguleiðir innan lóðar séu aðgengilegar fyrir alla. Yfirborð bílastæðis skal vera með þeim hætti að það þoli álag sem sett verður á það og að það sé frostfritt burðarlag undir því. Annar frágangur er hefðbundin með túnpökum og palli. Hindrunarlaust aðgengi skal vera að sorpskýli lóð og bílastæði. Sorpskýli uppfyllir kröfur byggingareglugerðar og skal standast EI60.

Algild hönnun.

Samkvæmt byggingareglugerð skal ávalt leitast við að gera byggingar og lóðir þannig að þær séu öllum aðgengilegar. Á það við um frágang lóðar, innra skipulag og aðgengismál. Samkvæmt grein 6.1.2 í byggingareglugerðinni og er það haft til viðmiðunar við hönnun hússins.

Helstu stærðir.

Ibúðarhús og bílgeymsla	260 m ²
Ibúðarhús og bílgeymsla	1387, m ³
Lóð	14470 m ²
Nýtingahlutfall	0,018
Bílastæði	2 talsins

Kólnunartölur s.k.v. byggingareglugerð.


Útveggir.	U - gildi = 0,30 w/m ² C
Þak.	U - gildi = 0,20 w/m ² C
Botnplata.	U - gildi = 0,30 w/m ² C
Gluggar og hurðar	U - gildi = 2,0 w/m ² C

Kólnunartölur byggingahluta s.k.v. útreikningum.

Útveggir.	U - gildi = 0,27 w/m ² C
Þak.	U - gildi = 0,19 w/m ² C
Botnplata.	U - gildi = 0,25 w/m ² C
Gluggar og Hurðar	U - gildi = 1,80 w/m ² C

Hönnunarstjóri.

Hönnunarstjóri hússins.
Eiríkur Vignir Pálsson. BFI



Afstöðumynd
1 : 1000

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Samþykkt

09. ágú. 2017

Finis

Byggingarfulltrúi

Pro-Ark Teiknistofa

Ármótsflöt 5

4-16-045

Afstöðumynd og byggingalýsing

Eiríkur Vignir Pálsson BFI

Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFI

Kt: 190275-5319

Teikn. GBB

Dags. JÚLÍ 2017

Mkv.

Blaðast. A2

Útgáfa 2

A - 001